

# 200. fundur byggðaráðs Bláskógabyggðar, haldinn í Aratungu þann 1. nóvember 2018 kl. 12:15.

Mætt: Valgerður Sævarsdóttir, T-lista, formaður byggðaráðs, Helgi Kjartansson, T-lista, og Óttar Bragi Þráinsson, P-lista. Einnig var mætt Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

## Dagskrá fundar:

### 1. Fundargerðir til staðfestingar:

- 1.1. 1. fundur atvinnu- og ferðamálanefndar Bláskógabyggðar, haldinn 8. október 2018
- 1.2. 87. fundur veitustjórnar Bláskógaveitu, haldinn 3. október 2018
- 1.3. 29. fundur skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árnesþings, haldinn 17. október 2018, ásamt tillögu að breyttu skipulagi þjónustunnar og ráðningu verkefnisstjóra, tillögu að gjaldskrá og yfirliti yfir stöðu málaflokka. Byggðaráð leggur til við sveitarstjórn að samþykkt verði tillaga nefndarinnar að gjaldskrá og upphæð fjárhagsaðstoðar fyrir árið 2019.

### 2. Fundargerðir til kynningar:

- 2.1. 3. fundur stjórnar Byggðasafns Árnesinga, haldinn 18. október 2018
- 2.2. 189. fundur fagráðs Tónlistarskóla Árnesinga, haldinn 12. október 2018.
- 2.3. 537. fundur stjórnar SASS, haldinn 3. október 2018.
- 2.4. 538. fundur stjórnar SASS, haldinn 17. október 2018
- 2.5. 270. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn 1. október 2018
- 2.6. Verkfundur vegna leikskólans Álfaborgar, haldinn 31. ágúst 2018.

### 3. Afgreiðslumál:

- 3.1. Beiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 25. október 2018, um umsögn um frumvarp til laga um skráningu og mat fasteigna. Lagt var fram tölvuskeyti nefndasviðs Alþingis, ásamt frumvarpi til laga um breytingar á lögum um skráningu og mat fasteigna. Byggðaráð gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.
- 3.2. Beiðni umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2019-2033. Lagt var fram tölvuskeyti nefndasviðs Alþingis, ásamt tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2019-2033. Byggðaráð Bláskógabyggðar fagnar þeim vegbótum sem gert er ráð fyrir í tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2019-2033. Auk þeirra verkefna sem tilgreind eru í 5 ára samgönguáætlun er á síðari hluta tímabilsins gert ráð fyrir framkvæmdum í uppsveitum Árnessýslu sem miða að því að bæta umferðaröryggi, svo sem við Geysi og Stóru-Laxá. Breikkun Suðurlandsvegar milli Hveragerðis og Selfoss er einnig brýnt umferðaröryggismál. Byggðaráð telur allar þessar samgöngubætur af hinu góða, en bendir á að æskilegt væri að þær gætu komist til framkvæmda fyrr en áætlað er.
- 3.3. Beiðni umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn um tillögu til þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2019-2023. Lagt var

fram tölvuskeyti nefndasviðs Alþingis, ásamt tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2019-2023.

Byggðaráð Bláskógabyggðar fagnar því að í 5 ára samgönguáætlun skuli gert ráð fyrir framkvæmdum á þeim hluta Skeiða- og Hrunamannavegar sem liggur frá Einholtsvegi að Biskupstungnabraut á árunum 2019-2020 og á Reykjavegi á árinu 2020. Um brýnar úrbætur í samgöngumálum er að ræða og þeir vegir sem um ræðir mjög fjölfarnir, ekki síst vegna fjölgunar ferðamanna.

- 3.4. Beiðni Straumhvarfs ehf, mótt. 26. október 2018, um að gert verði deiliskipulag fyrir Framafrétt (L223995) og ákvörðun um synjun stöðuleyfis verði endurskoðuð. Lagt var fram bréf Nielsar Rafns Guðmundssonar þar sem óskað er eftir að vinnu við gerð deiliskipulags verði hraðað.  
Byggðaráð felur sveitarstjóra og oddvita að láta vinna tillögu að deiliskipulagi fyrir svæðið. Kröfu um endurskoðun á stöðuleyfi er vísað til byggingarfulltrúa.
- 3.5. Drög að samkomulagi við RARIK ohf. um lagningu jarðstrengs um land Bláskógabyggðar við Reykholt. Lögð voru fram samkomulagsdrög og uppdráttur sem sýnir lagnaleið vegna lands nr. 167066.  
Byggðaráð Bláskógabyggðar samþykkir fyrir sitt leyti lagningu jarðstrengs á vegum RARIK ohf um land Brautarhóls nr. 1607066 og felur sveitarstjóra að undirrita samkomulagið f.h. Bláskógabyggðar.
- 3.6. Tilkynning Vegagerðarinnar, dags. 8. október 2018, um fyrirhugaða niðurfellingu Fellsendavegar (3827) af vegaskrá. Lagt var fram afrit af tilkynningu Vegagerðarinnar til Gunnars Marons Þórissonar um að fyrirhugað sé að fella Fellsendaveg af vegaskrá.
- 3.7. Beiðni Reykjavíkurborgar, dags. 16. október 2018, um umsögn um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, miðsvæði M2c-M2g. Múlar-Suðurlandsbraut. Lagt var fram erindi umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar þar sem kynnt er breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur vegna miðsvæðis M2c-M2g. Byggðaráð Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemdir við breytingarnar.
- 3.8. Beiðni Reykjavíkurborgar, dags. 15. október 2018, um umsögn um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, Sundahöfn.  
Lagt var fram erindi umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar þar sem kynnt er breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur vegna Sundahafnar. Byggðaráð Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemdir við breytingarnar.
- 3.9. Styrkbeiðni Söngkórs Miðdalskirkju, dags. 15. október 2018. Lögð var fram beiðni Söngkórs Miðdalskirkju um 50.000 kr. fjárstyrk vegna reksturs kórsins.  
Byggðaráð samþykkir að veita umbeðinn styrk.
- 3.10. Styrkbeiðni nemendafélagsins Mímis, ML, dags. 2. október 2018. Lögð var fram beiðni nemendafélagsins Mímis í Menntaskólanum að Laugarvatni, þar sem óskað er eftir styrk vegna leigu á íþróttahúsinu að Laugarvatni vegna skemmtunar á vegum Mímis, kr. 47.040. Byggðaráð samþykkir að veita umbeðinn styrk.
- 3.11. Umsókn Kvennaathvarfsins um rekstrarstyrk fyrir árið 2019, dags. 2. október 2018. Lögð var fram umsókn Kvennaathvarfsins um 100.000 kr. rekstrarstyrk fyrir árið 2019. Byggðaráð Bláskógabyggðar hafnar erindinu.

- 3.12. Umsókn Heklu Hrannar Pálsdóttur, dags. 21. október 2018, um styrk í formi afsláttar af leigu á íþróttahústímum vegna Zumbatíma. Byggðaráð felur sveitarstjóra að gera samning við umsækjanda á grundvelli umræðna á fundinum. Um er að ræða verkefni sem fellur vel að áherslum sveitarfélagsins varðandi heilsueflingu.
- 3.13. Beiðni Fjallskilaneftndar Biskupstungna, dags. 24. október 2018, um fjárveitingu á fjárhagsáætlun 2019. Lögð fram beiðni um styrk vegna uppsetningar fjögurra hliða á afréttargirðingu og til endurnýjunar á gerði við hesthús við Hvítá. Alls kr. 400.000.  
Byggðaráð samþykkir að gera ráð fyrir verkefninu í fjárhagsáætlun fyrir árið 2019.
- 3.14. Styrkbeiðni Slysavarnafélagsins Landsbjargar vegna 90 ára afmælis félagsins, dags. 23. október 2018. Lögð var fram beiðni Slysavarnafélagsins Landsbjargar um 50.000 kr. styrk í tilefni af útgáfu afmælisblaðs vegna 90 ára afmælis Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Byggðaráð Bláskógabyggðar hafnar erindinu.
- 3.15. Forsendur fjárhagsáætlunar 2019  
Sveitarstjóri kynnti forsendur fyrir fyrstu drögum að fjárhagsáætlun Bláskógabyggðar fyrir árin 2019-2022. Umræða varð um fyrirliggjandi drög og forsendur. Fjárhagsáætlun 2019-2022 vísað til fyrri umræðu á fundi sveitarstjórnar hinn 8. nóvember n.k.
- 3.16. Fundur með forstöðumönnum íþróttamannvirkja í Reykholti og að Laugarvatni. Sigurjón Pétur Guðmundsson og Aron Kárason voru mættir á fundinn undir þessum dagskrárlið. Einnig mætti til fundarins Bjarni D. Daníelsson, sviðsstjóri framkvæmda- og veitusviðs. Rædd voru málefni íþróttamannvirkjanna í Reykholti og að Laugarvatni, þ.e. rekstur og viðhaldsmál í ljósi vinnu við fjárhagsáætlun 2019-2022.

#### 4. Erindi til kynningar:

- 4.1. Boð á 21. ársfund Umhverfisstofnunar sem haldinn verður á Flúðum 8. nóvember 2018.
- 4.2. Opnun á facebook síðu Bláskógabyggðar. Formaður byggðaráðs opnaði nýja facebook síðu Bláskógabyggðar sem ætluð er til að koma á framfæri upplýsingum og tilkynningum til íbúa sveitarfélagsins og annarra.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:30.

---

Valgerður Sævarsdóttir

---

Helgi Kjartansson

---

Óttar Bragi Þráinsson

---

Ásta Stefánsdóttir